

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík 11.12.2020

**Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, mál 321.**

Hinn 27. nóvember 2020 fengu Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) til umsagnar frá atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð. Með frumvarpinu er verið að setja sérlög um Tækniþróunarsjóð til að tryggja lagagrundvöll undir starfssemi sjóðsins. Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi frumvarpsdrögin um sjóðinn.

Samtökin vísa í fyrri umsögn um drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð sem birt voru á samráðsgátt 28.09.2020 og benda á þá hröðu tækniþróun sem hefur átt sér stað í íslenskri ferðaþjónustu á síðastliðnum áratug.

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur að stórum hluta verið byggður á öflugri vöru- og tækniþróun. Með áframhaldandi þróun getur greinin aukið arðsemi sína og styrkt atvinnugreinina enn frekar sem öfluga stoð í atvinnulífi landsins. Því er mikilvægt að öflugur stuðningur sé til staðar til að tryggja áframhaldandi framþróun greinarinnar til næstu ára.

Þá vilja samtökin koma því á framfæri að horft sé til hlutfallslegra stærða og vaxtar atvinnugreina þegar skipað er í stjórn og fagrað sjóðsins. Samhliða því benda samtökin á hversu lítil hlutdeild ferðaþjónustu hefur verið almennt í atvinnuþróunarsjóðum á vegum ríkisins.

*Virðingafyllt*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Ágúst Elvar Bjarnason*

*Ágúst Elvar Bjarnason*